



Samráðsgátt
Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Mál nr. 61/2022

24. mars 2022

Efni: Umsögn SFF um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019 sem birtust í samráðsgátt þann 11. mars síðastliðinn. SFF gera ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið sjálft en vilja koma að athugasemd við framkvæmd laga um skráningu raunverulegra eigenda eða öllu heldur athugasemd við tæknilega útfærslu skráarinnar sem slíkrar o.fl.

Tæknileg útfærsla og skortur á upplýsingum

Samkvæmt d. lið 7. gr. og d. lið 8. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda skulu tilkynningarskyldir aðilar skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 (þþvl.) hafa aðgang að upplýsingum um raunverulega eigendur sbr. 4. gr. laganna þegar þeir framkvæma áreiðanleikakannanir skv. þþvl. Tilkynningarskyldir aðilar skulu tímanlega hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og gögnum.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. þþvl. skal tilkynningarskyldur aðili ávallt afla fullnægjandi upplýsinga um viðskiptamann og raunverulegan eiganda, sbr. 1. mgr., og grípa til réttmætra ráðstafana til að sannreyna upplýsingar skv. 1. mgr. 10. gr. t.d. með upplýsingum úr opinberri skrá. Tilkynningarskyldur aðili skal meta með sjálfstæðum hætti hvort upplýsingar um hinn raunverulega eiganda séu réttar og fullnægjandi og að hann skilji eignarhald, starfsemi og stjórnskipulag þeirra viðskiptavina sem eru lögaðilar, fjárvörslusjóðir eða aðrir sambærilegir aðilar.

Í 3. mgr. 6. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda segir svo:

„Tilkynningarskyldir aðilar og eftirlitsaðilar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skulu innan tveggja vikna tilkynna ríkisskattstjóra verði þeir í störfum sínum varir við misræmi milli upplýsinga um raunverulega eigendur í fyrirtækjaskrá og upplýsinga sem þeir búa yfir.

Ríkisskattstjóri skal án tafar rannsaka tilkynningar skv. 3. mgr. og grípa til viðeigandi ráðstafana. Ráðstafanir geta m.a. falist í því að merkja tímabundið í fyrirtækjaskrá að raunverulegt eignarhald sæti skoðun og gera breytingar á skráningu reynist hún vera röng.„

Af framangreindu er því ljóst að aðildarfélög SFF, sem eru flest tilkynningarskyldir aðilar, eiga að notast við skrá yfir raunverulega eigendur þegar upplýsingar um viðskiptamenn og raunverulega eigendur eru sannreyndar og meta með sjálfstæðum hætti hvort upplýsingar um hinn raunverulega eiganda séu réttar og fullnægjandi. Einnig ber þeim að tilkynna um frávik þarna á milli til ríkisskattstjóra ef í ljós kemur misræmi á milli skráar og þeirra upplýsinga sem þeim eru afhentar.

Samkvæmt f-lið 2. mgr. 4. gr. og f-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 82/2019 um skráningu raunverulegra eigenda skulu skráningarskyldir aðilar skila inn gögnum sem staðfesta veittar upplýsingar til fyrirtækjaskrár RSK um að þeir sem sagðir eru raunverulegir eigendur séu sannarlega raunverulegir eigendur. Þegar raunverulegur eigandi fer með óbeint eignarhald fá tilkynningarskyldir aðilar einungis upplýsingar um að það hver fari með óbeint eignarhald en ekki hefur fengist aðgangur að frekari gögnum sem fyrirtækjaskrá ber skylda til að búa yfir skv. áðurnefndum lögum um eignarhald og eignakeðju þess lögaðila.

Tilkynningarskyldir aðilar skv. þövl. þurfa í dag að fletta upp hverjum og einum í skrá yfir raunverulega eigendur. Ekki er unnt að sækja skrána í heild og láta hana uppfærast í daglegum keyrslum. Upplýsingarnar í skránni um raunverulega eigendur eru takmarkaðar þannig að ekki er hægt að rekja eignarhald félaga sérstaklega þegar um óbeint eignarhald er að ræða. Best væri ef hægt yrði að rekja gegnum félög og einstaklinga eignarkeðjuna niður á einstaklinga með myndrænum hætti hjá hverju félagi fyrir sig eða a.m.k. að það sjáist í skránni hvaða lögaðili og/eða einstaklingur eigi eignarhlut í hverju félagi fyrir sig. Staðan í dag er sú að ávallt þarf að kalla eftir viðbótarupplýsingum frá viðskiptavinum þegar um óbeint eignarhald er að ræða til að staðfesta það. Til samanburðar má líta t.d. til eftirfarandi erlendra skráa:

- Danska - <https://datacvr.virk.dk/data/>
- Breska - <https://beta.companieshouse.gov.uk/>
- Norska - <https://www.proff.no/>

Að mati SFF er hér um verulega annmarka á skránni að ræða sem gerir tilkynningarskyldum aðilum erfitt fyrir þegar kemur að því að uppfylla skyldur sínar en nefna má að stór hluti tilkynningaskyldra aðila eru undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem eðli málsins samkvæmt kannar hvernig tilkynningarskyldir aðilar sinna skyldum sínum skv. lögum. Þá eru skráningar oft með ófullnægjandi hætti þannig að eingöngu hluti eignarhalds er skráð. Markmið skráarinnar, sem ætti að vera öllu samfélaginu til bóta, er ekki að nást eins og staðan er í dag.

Áreiðanleikakönnun á opnum verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta annars vegar og sérhæfðum sjóðum hins vegar

Aðildarfélög SFF hafa upplifað vandkvæði þegar kemur að áreiðanleikakönnun á sjóðum í rekstri rekstrarfélaga sem verið er að stofna viðskipti við, vegna þess að erfitt getur verið að átta sig á hversu langt ber að ganga í áreiðanleikakönnun. Sjóðirnir í þessum tilvikum eru hinir eiginlegu viðskiptamenn og ber að áreiðanleikakanna rekstrarfélagið og einnig viðkomandi sjóð. Fá þarf staðfestingu á því hver er sjóðstjóri og ber honum að framvísa skilríkjum. Fá þarf staðfestingu sjóðstjóra á því að eignarhaldi sjóðsins sé dreift en ef svo er ekki þarf að afla upplýsinga um hver standi að baki sjóðnum. Þetta veldur vandkvæðum hjá rekstrarfélögunum sem hafa skilning á því að þetta sé framkvæmdin hvað sérhæfðu sjóðina varðar en finnst þetta mjög langt gengið hvað varðar opna verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta. Sjóðstjórnarnir þar eru almennt **ekki** upplýstir um eignarhaldið sem getur breyst frá degi til dags.

Skilgreina þarf með lögum hver telst raunverulegur eigandi þegar um er að ræða viðskipti við sjóði skv. lögum um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

SFF óska eftir að fyrirtækjaskrá veiti tilkynningarskyldum aðilum betra aðgengi að upplýsingum um raunverulega eigendur, eignarhald og eignakeðjur lögaðila svo hægt sé að nýta þær upplýsingar við framkvæmd áreiðanleikakönnunar. Þá leggja samtökin ríka áherslu á að tæknileg útfærsla skráarinnar verði bætt þannig að hægt verði að sækja skrána í heild í stað þess að þurfa að fletta hverjum og einum upp handvirkt. Stutt er síðan skortur á fullnægjandi skráningu raunverulegra eigenda í félögum var eitt af þeim atriðum sem orsökuðu það að Ísland var sett á gráa listann hjá alþjóðlegum hópi ríkja um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (Financial Action Task Force – FATF). Í ljósi þeirrar reynslu telja SFF afar mikilvægt að skrá um raunverulega eigendur sé þannig úr garði gerð að hún auðveldi tilkynningarskyldum aðilum eins og kostur er að afla nauðsynlegra upplýsinga um raunverulega eigendur. Enn vantar upp á það þó að vissulega hafi verið lyft grettistaki í þessum efnum frá því að Ísland var sett á gráa listann.

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.



Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur